

Nd.

345. Nefndarálit

um frv. til l. um einkaleyfi bæjarstjórna og hreppsnefnda til skipaafgreiðslu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin varð ósamnála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn vill fella það, en minni hlutinn vill samþykkja það með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Bæjarstjórnnum í kaupstöðum utan Reykjavíkur og hreppsnefndum í kaup-túnnum, þar sem bryggjur og vörugeymsluhús eru eign bæjarins eða hreppsins eða hann hefur þau á leigu, er heimilt að taka í sínar hendur alla upp- og út-skipun á vörum, sem háðar eru ákveðnu upp- og útskipunargjaldi, og er þá eng-um öðrum heimilt að annast þau störf.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Eftir gildistöku þessara laga geta bæjarstjórnir og hreppsnefndir tekið í sínar hendur upp- og útskipun á vörum, hvenær sem er, en tilkynna þeim, sem þau störf hefur haft á hendi, og viðkomandi útgerðarfélagi eða skipaút-gerð slíka ráðstöfun með minnst þriggja mánaða fyrirvara. Leigumálar, sem bæjarstjórnir eða hreppsnefndir kunna að hafa gert við einstaklinga um afnot húsa eða annarra mannvirkja við þessa starfrækslu, skulu um leið úr gildi fallnir.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um einkaleyfi bæjarstjórna og hreppsnefnda til upp- og útskipunar á vörum.

Alþingi, 4. nóv. 1943.

Sigurjón Á. Ólafsson,
fundaskr.

Þóroddur Guðmundsson.